

Alur Álvinnsla ehf. (áður Kratus ehf.)
Klafastaðavegi 4
301 Akranes

Reykjavík, 29. ágúst 2019
UST201903-103/F.T.
08.07.02

Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 9. ágúst sl. þar sem fjallað var um frávik sem skráð voru í eftirliti þann 14. júní 2019. Þann 23. ágúst sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikan eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.14 í starfsleyfi. Gat er á þaki geymslu í Vogatungu og saltkakan því óvarin fyrir raka. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er unnið að samkomulagi við húseiganda í Vogatungu. Áætlað er að viðgerð verði lokið 1. október 2019.
2. Gr. 2.5 í starfsleyfi. Í nýjustu mælingu í útblæstri sem framkvæmd var í apríl er vettisflúrið aftur yfir mörkum. Rekstraraðili hefur sent inn nýja úrbótaáætlun hvað það varðar og pantað aðra mælingu til að sannreyni virkni úrbóta. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila framkvæmir nýsköpunarmiðstöð mælingar í útblæstri verksmiðju í lok ágúst. Niðurstöður ættu að liggja fyrir í september.
3. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi og útstremnisbókhaldi ber að skila fyrir 1. maí ár hvert. Gögnunum hefur verið skilað og frávikanu því lokið.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasiðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Einar Halldórsson
sérfræðingur



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vesturlands